

Hafnarfirði 15. Okt'2019

Borist hefur erindi til þjónustumiðstöðvar vegna Aspa sem eru á Strandgötu 31-33 þar sem íbúðareigandi á þriðju hæð nýtur hvorki sólar né nokkrar sýnar út frá sínum svölum.

Við getum verið sammála um að þessi tré skerði lífsgæði íbúa í þessum húsum. Trén eru orðin verulega há og þétt á þessum kafla og voru sett niður þegar húsnæðið var nýtt í atvinnustarfsemi og engar svalir voru til staðar þá. Einnig er rótarkerfi trjáanna duglegt að lyfta upp hellulögn sem skapar verulega hættu gangandi og bærinn skaðabótaskyldur ef slys verða á fólki. Aspir eru góð og gild tré á þeim stöðum sem henta, en það hefur sýnt sig á undanförunum áratug að þær henta engan veginn sem götutré. Sérstaklega ekki á þeim stöðum sem gangstéttar eru og búseta manna tæpum 3 metrum frá stofni þeirra. Við teljum að þörf sé á að fjarlægja trén hið fyrsta svo íbúar geti notið síns heimilis án þess að tré sé að berja húsið að utan.

Hægt er að saga trén niður og skilja eftir 1 m stubba fram á næsta sumar. Þá væri hægt að fara í lagfæringar á svæðinu og fjarlægja stubbana og laga gangstétt. Einnig þarf að skoða með hvaða trjátegundir eiga að vera á Strandgötunni þannig að gangandi, akandi og íbúar geti nýtt svæðið svo ekki hljótist óþægindi að. Samræma trjával og skipulag gróðurs út frá gildandi byggingareglugerð.

Ingibjörg Sigurðardóttir

garðyrkjustjóri Hafnarfjarðar